

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Christians Björnæs 144 símaverkstjóra“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. 21. ágúst 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Christians Björnæs símaverkstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Björnæs-sjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 27. febrúar 1946 af Félagi íslenskra símamanna, í minningu um Christian Björnæs símaverkstjóra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem Félag íslenskra símamanna (FÍS) leggur til við stofnun hans.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða með ábyrgð Reykjavíkurborgar. Handbært fé sjóðsinsins skal geyma í Landsbanka Íslands.

5. gr.

Hlutverk Björnæs-sjóðs er:

- a. Að styrkja símastúlkur, sem verða fyrir óvenjulegum veikindum eða öðrum erfiðleikum.
 - b. Að styrkja ekkjur símamanna, sem eiga við erfið kjör að búa.
- Þó getur enginn orðið aðnjótandi styrks úr sjóðnum, meðan hann fær greidd laun hjá Landssíma Íslands.

6. gr.

Stjórn sjóðsins veitir styrk úr sjóðnum í samráði við stjórn FÍS, eftir að hún hefur fengið skriflega tilkynningu um ástæður styrkþurfa með áritun frá a. m. k. tveimur félagsmönnum FÍS.

Skal ávallt leitast við að veita úr sjóðnum þær upphæðir, sem óskað er eftir, eða sem næst því. Þó má eigi skerða sjóðinn meira en það, að alltaf sé a. m. k. tíu þúsund krónur í honum.

Styrkveitingar skulu fara fram á afmælisdegi Björnæs, hinn 11. febrúar ár hvert.

7. gr.

Tekjur Björnæs-sjóðs eru:

- a. Tillag, sem FÍS leggur honum árlega, og ákveðið verður á hverjum aðalfundi félagsins.
- b. Vextir af höfuðstól sjóðsins.
- c. Aðrar tekjur, sem sjóðnum berast, eða sem stjórn sjóðsins gengst fyrir að afla.

8. gr.

Björnæs-sjóður skal vera í vörzlum stofnanda hans, en undir sérstakri stjórn, sem í eru félagsmenn FÍS.

144

21. ágúst

Stjórn sjóðsins skal falin fimm mönnum, kosnum af aðalfundi FÍS árlega. Auk þess skal kjósa þrjá varamenn í stjórnina. Skal meiri hluti stjórnarinnar, eða a. m. k. 3 af 5, skipaðir konum.

Stjórnarmenn skipta sjálfir með sér verkum. Skulu þeir sjá um ávöxtun sjóðsins og hafa með höndum daglegan rekstur hans. Stjórnin skal gera árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins á árinu og efnahag hans í árslok. Skulu reikningar þessir endurskoðaðir af endurskoðendum FÍS og lagðir árlega fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

145

21. ágúst

AUGLÝSING

um skrásetningargjald bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 hefur dómismálaráðherra ákveðið, að gjald til ríkissjóðs fyrir skrásetningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 75.00. Ber eiganda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskráning fer fram.

Ákvæði auglýsingar þessarar ganga í gildi þegar í stað.

Í dómismálaráðuneytinu, 21. ágúst 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

146

21. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 198 frá 1943, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðastjóra.

1. gr.

Í stað orðanna „40 króna árlegt gjald“ í 1. mgr. 1. gr. komi: 60 króna árlegt gjald, — og í stað orðanna „10 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi“ í 2. mgr. 1. gr. komi: 15 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Í stað „kr. 40.00“ í 2. gr. komi: kr. 75.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í dómismálaráðuneytinu, 21. ágúst 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.